



FLENSBORGARSKÓLINN
Í HAFNARFIRÐI



MEÐ FLENSBORG
INN Í FRAMTÍÐINA

ÞEKING - ÞJÁLFUN – ÞROSKI

Í FLENSBORGARSKÓLA ER BOÐIÐ UPP Á NÁM Á EFTIRTÖLDUM BRAUTUM:

Félagsfræðabraut

er ætlað að veita nemendum góða, almenna undirstöðuþekkingu í bóklegu námi með áherslu á samfélagsgreinar. Brautin býr nemendur undir háskólanám á sviði félagsvísinda.

Félagsfræðabraut 140 einingar



Kjarni (98)

Íslenska	15 ein.
Stærðfræði	6 ein.
Erlend tungumál	
Danska*	6 ein.
Enska	15 ein.
3. mál (ÞÝS/FRA/SPÆ)	12 ein.
Samfélagsgreinar	
Félagsfræði	6 ein.
Saga	9 ein.
Landafræði	3 ein.
Sálfræði**	3 ein.
Uppeldisfræði**3	ein.
Þjóðhagfræði**3	ein.
Raungreinar	
Náttúrufraeði	9 ein.
Lífsleikni	3 ein.
Íþróttir	8 ein.

Kjörsvið (30)

Kjörsviðsgreinar eru:

Íslenska, stærðfræði, félagsfræði, saga, sálfræði, þjóðhagfræði, bókfærsla, fjölmiðlafræði og rekstrarhagfræði.

Frjálst val (12)

* eða annað Norðurlandamál.

**velja tvo áfanga.



*Flensborgarskólinn
býður persónulega þjónustu
þar sem áhersla er á
að mæta nemandanum
á hans forsendum.*

Málabraut

er ætlað að veita nemendum góða, almenna undirstöðuþekkingu í bóklegum greinum með áherslu á erlend tungumál. Brautin býr nemendur undir háskólanám, einkum þar sem gerð er krafa um góða tungumálakunnáttu.

Málabraut 140 einingar

Kjarni (98)

Íslenska	15 ein.
Stærðfræði	6 ein.
Erlend tungumál	
Danska*	9 ein.
Enska	15 ein.
3. mál (ÞÝS/FRA/SPÆ)	15 ein.
4. mál (ÞÝS/FRA/SPÆ)	9 ein.
Samfélagsgreinar	
Félagsfræði	3 ein.
Saga	6 ein.
Raungreinar	
Náttúrufræði	9 ein.
Lífsleikni	3 ein.
Íþróttir	8 ein.

Kjörsvið (30)

Kjörsviðsgreinar eru:

Íslenska, danska, enska, franska, spænska og þýska.

Frjálst val (12)

* eða annað Norðurlandamál.



Náttúrufræðibraut

er ætlað að veita nemendum góða, almenna undirstöðuþekkingu í bóklegum greinum með áherslu á náttúruvísindi. Brautin býr nemendur undir háskólanám í náttúruvísindum, stærðfræði og öðrum greinum sem byggja á góðri undirstöðu í stærðfræði og náttúruvísindum.

Náttúrufræðibraut 140 einingar



Kjarni (98)

Íslenska	15 ein.
Stærðfræði	15 ein.
Erlend tungumál	
Danska*	6 ein.
Enska	9 ein.
3. mál (ÞÝS/FRA/SPÆ)	12 ein.
Samfélagsgreinar	
Félagsfræði	3 ein.
Saga	6 ein.
Raungreinar	
Eðlisfræði	3 ein.
Efnafræði	6 ein.
Jarðfræði	6 ein.
Líffræði	6 ein.
Lífsleikni	3 ein.
Lífsleikni	
Íþróttir	8 ein.
Íþróttir	

Kjörsvið (30)

Kjörsviðsgreinar eru:

Stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði, jarðfræði, líffræði og tölvufræði.

Frjálst val (12)

* eða annað Norðurlandamál.



*Flensborgarskólinn
veitir nemendum mikið aðhald,
stuðning og hvatningu
í náminu.*

Viðskipta- og hagfræðibraut

er ætlað að veita nemendum góða, almenna undirstöðuþekkingu í bóklegum greinum með áherslu á viðskiptagreinar. Brautin býr nemendur undir háskólanám í viðskiptagreinum, hagfræði og öðrum skyldum greinum.

Viðskipta- og hagfræðibraut 140 einingar

Kjarni (98)

Íslenska	15 ein.
Stærðfræði	15 ein.
Erlend tungumál	
Danska*	6 ein.
Enska	9 ein.
3. mál (ÞÝS/FRA/SPÆ)	12 ein.
Samfélagsgreinar	
Félagsfræði	3 ein.
Saga	6 ein.
Viðskipta- og hagfræðigreinar	.
Bókfærsla	3 ein.
Rekstrarhagfræði	3 ein.
Þjóðhagfræði	3 ein.
Viðskiptalögfræði	3 ein.
Raungreinar	
Náttúrufræði	9 ein.
Lífsleikni	3 ein.
Íþróttir	8 ein.

Kjörsvið (30)

Kjörsviðsgreinar eru:

Íslenska, stærðfræði, enska, bókfærsla, hagfræði, viðskiptafræði og tölvufræði,

Frjálst val (12)

* eða annað Norðurlandamál.



Upplýsinga- og fjölmiðlabraut

veitir nemendum góða, almenna undirstöðuþekkingu á sviði upplýsinga- og fjölmiðlagreina. Námið skiptist í þrjá hluta; grunnám 59 einingar sem samanstendur af kjarnagreinum og faggreinum, tveggja anna nám á sérsviði 40 einingar og að því loknu getur nemandi lokið viðbótarnámi til stúdentsprófs sem tekur mið af því framhaldsnámi sem stefnt er að.

Upplýsinga- og fjölmiðlabraut 99 einingar



Skólinn er mjög vel búinn tækjum á sviði upplýsinga- og tölvutækni og til dreifingar á útvarps- og sjónvarpsefni í tengslum við nám og félagsstörf. Í skólanum er rekinn fullbúin útvarpsstöð sem nær til alls höfuðborgarsvæðisins.

Grunnám upplýsinga- og fjölmiðlabrautar, GUF (59)

Íslenska	4 ein.
Stærðfræði	4 ein.
Erlend tungumál	.
Danska *	2 ein.
Enska	6 ein.
Lífsleikni	3 ein.
Lífsleikni	
Íþróttir	4 ein.
Íþróttir	
Valgrein	3 ein.

Faggreinar (33)

Faggreinar eru:

Fjölmiðlun, myndvinnsla og margmiðlun, hljóðtækni, photoshop, ljósmyndun, vefsíðu- og stuttmyndagerð, myndbygging og formfræði, textameðferð, tölvur, iðngreinafræði, hagfræði, ljós- og litafræði, efnis- og pappírfræði.

Sérsvið í fjölmiðlatækni (40)

Fjölmiðlun; forsendur og tilgangur. Tækni á sviði fjölmiðlunar. Vinnsluáðferðir í fjölmiðlun. Framsetning í margmiðlun.

Hægt er að velja önnur sérsvið upplýsinga- og fjölmiðlabrautar sem kennd eru í öðrum skólum s.s. grafiska miðlun og ljósmyndun.

Viðbótarnám til stúdentsprófs

Að loknu sérsviði er hægt að ljúka stúdentsprófi með viðbótarnámi. Sjá nánar námsvísi á flensburg.is

* eða annað N orðurlandamál.

Á stúdentsbrautum er hægt að velja sér nám á eftirtöldum sviðum:*

Íþróttasvið

Þetta svið er meðal annars hugsað fyrir þá sem stefna á nám í íþróttakennslu eða þjálfun.

Íþróttáafrekssvið

Þetta svið gerir nemendum kleift að stunda afreksíþróttir með námi. Til að geta valið þetta svið þarf að hafa samþykki hjá viðkomandi íþróttafélagi.

Listnámssvið

Þetta svið gerir nemendum kleift að stunda listnám, til dæmis tónlist og listdans með námi. Til að geta valið þetta svið þarf að stunda nám við viðurkenndan listnámsskóla.

Inntökureglur á brautir

	Íslenska	Enska	Danska	Samf.fr.	Stærðfr.	Náttúrufr.
Félagsfræðabraut	6,0	6,0		6,0	5,0	
Málabraut	6,0	6,0	6,0		5,0	
Náttúrufræðibraut	6,0	5,0			6,0	6,0
Viðsk.- hagfr.braut	6,0	6,0			6,0	
Uppl.-fjöl. braut	5,0				5,0	
Almenn braut						Sérhæfðar inntökureglur**
Starfsbraut						Sérhæfðar inntökureglur**
Fjölgreinabraut						Sérhæfðar inntökureglur**

*Á ekki við upplýsinga- og fjölmiðlabraut. ** Sjá heimasíðu skólans www.flensburg.is



Almenn braut

er hugsuð fyrir þá nemendur sem uppfylla ekki inntökureglur inn á aðra braut.

Starfsbraut

er námsbraut fyrir nemendur sem notið hafa verulegrar sérkennslu á grunnskólastigi og þurfa einstaklingsmiðað nám miðað við færni og áhuga. Um er að ræða fjögurra ára námstilboð. Á þriðja og fjórða námsári er, auk bóklegs náms, lögð áhersla á starfskynningar og vinnustaðanáms. Nemendur starfsbrautar hafa jafnframt möguleika á að stunda nám í almennum áföngum skólans.

Fjölgreinabraut

er fyrir þá nemendur sem ekki hafa náð tilskyldum árangri við lok grunnskólans, hafa notið sérþjónustu í grunnskóla eða verið í Fjölgreinadeild Lækjarskóla. Fjölgreinabrautin er rekin í samstarfi Flensborgarskólans, Iðnskólans í Hafnarfirði, Lækjarskólans, Menntamálaráðuneytisins og Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar. Námið er sniðið að þörfum hvers einstaks nemanda.

Þjónusta

Í skólanum eru starfandi náms- og starfsráðgjafar sem leitast við að aðstoða nemendur við lausn ýmissa mála sem upp koma. Námsráðgjafar liðsinna í málum sem snerta meðal annars:

- Nám, námstækni og prófkvíða.
- Framhaldsnám og starfsval.
- Persónuleg mál.

Í skólanum er einnig starfandi lestrarráðgjafi sem hefur umsjón með og aðstoðar við að finna hentugar námsleiðir fyrir þá sem eru með sértæka námsörðugleika.



Félagslíf

Félagslífið í Flensborgarskólanum er fjölbreytt. Nemendafélag Flensborgarskólans, NFF, skipuleggur félagslíf nemenda. Félagið sinnir hagsmunum nemenda, stendur fyrir nemendaskemmtunum, íþróttaviðburðum og sér um ýmis konar tengsl út á við. Fulltrúar þess taka þátt í keppnum framhaldsskólanemenda. Sérstakur félagslífsfulltrúi úr hópi kennara starfar með stjórn nemendafélagsins og er þeim til aðstoðar.

NFF á fulltrúa í skólaráði og skólanefnd. Á hverju vori eru kosningar og síðan aftur að hausti þegar fulltrúar nýnema eru kjörnir í ráð og nefndir. Meðal þeirra hópa sem starfa innan NFF eru aðalstjórn, auglýsingaráð, árshátíðarnefnd, fréttabréfsráð, íþróttaráð, menningarráð, ritstjórn skólablaðsins Draupnis, skemmtinefnd, tónlistarráð, vefráð og vídeóráð.

Nemendafélagið sér einnig um rekstur bóksölu fyrir nemendur í skólanum.

Hægt er að kynna sér nánar félagslíf skólans á vefslóðinni www.nff.is



Kór Flensburgarskólans

Kórinn hefur starfað um langt skeið og er ómissandi þáttur í lífi skólans. Hann kemur fram við hefðbundin tækifæri eins og til dæmis skólaslit en starfar þó fyrst og fremst á eigin forsendum, þar sem hann skipuleggur starf sitt og tónleikahald að eigin frumkvæði og vilja.

Kórinn hefur tekið þátt í fjölda viðburða og alþjóðlegra móta og unnið til margra verðlauna.

Þeir sem vilja komast í kórinn skrá sig í inntökupróf sem fer fram bæði í upphafi haustannar og vorannar. Aðalinntaka nýrra meðlima hvers árs fer fram við upphaf haustannar. Í kórnum eru 90 nemendur. Stjórnandi kórsins er Hrafnhildur Blomsterberg.



Heilsueflandi framhaldsskóli

Flensborgarskólinn var fyrsti framhaldsskólinn á landinu til að taka þátt í verkefninu *Heilsueflandi framhaldsskóli* í samstarfi við Lýðheilsustöð. Skólinn nálgast forvarnir út frá víðtæku og jákvæðu sjónarhorni með það að markmiði að stuðla að vellíðan og auknum árangri allra í skólasamfélaginu. Höfuðáhersla verkefnisins er á fjögur viðfangsefni, þ.e. næringu, hreyfingu, geðrækt og lífsstíl, en eitt viðfangsefni er tekið fyrir á hverju ári.

*Nánari upplýsingar
um líf og störf
í Flensborgarskóla
er að finna á vefsíðunni
www.flensborg.is*



Hvar er Flensborgarskólinn?

Flensborgarskólinn er við Hamarkots-tún sem er á Hamrinum í Hafnarfirði, milli Selvogsgötu, Hringbrautar og Brekkugötu.

Á bíl er best að koma frá Hringbraut en strætisvagn S1 er með stöð næst skólanum. Einnig er örstuttur gangur að skólanum frá Firði en þar er strætisvagnamiðstöð.



Póstáritun:

Hringbraut 10, 220 Hafnarfjörður

Sími (354) 565-0400

Fax: (354) 565-0491

Netfang: flensborg@flensborg.is

Veffang: www.flensborg.is



**FLENSBORGARSKÓLINN
Í HAFNARFIRÐI**



Flensborgarskólinn er framhaldsskóli sem starfar eftir áfangakerfi. Í skólanum er í boði persónuleg þjónusta, öruggt náms-umhverfi, forysta í tækni, nýjungum og kennslu. Lögð er áhersla á að hann sé eftirsóknarverður vinnustaður nemenda, kennara og annarra starfsmanna. Skólinn stendur á gömlum merg og er, nú sem fyrr, mikilvægur hlekkur í menningar- og íþróttalífi Hafnarfjarðar.